Kennsluáætlun

Fjölbrautaskóli Snæfellinga
Grundargötu 44 - 350 Grundarfjörður - Sími: 430 8400

Áfangi:	INNF1IF05 - Inngangur að félagsvísindum
Kennari:	Hermann Hermannsson
Önn:	Haust 2026
Áætlun unnin:	Ágúst 2026

Markmið:
Þekkingarmarkmið:
Að nemendur hafi aflað sér þekkingar og skilnings á: • viðfangsefnum og hugtökum félagsvísinda og hugvísinda • helstu aðferðum félagsvísinda og hugvísinda • þeim félagslegu festum sem hafa áhrif á líf þeirra, s.s. fjölskyldan, trúarbrögð, menntun, efnahagskerfið og vísindin • hvernig félagslegar stofnanir móta okkur • réttindum og skyldum sínum gagnvart samfélaginu
Leiknimarkmið:
Nemandi skal hafa öðlast leikni í: • að lesa og skilja umfjöllun um viðfangsefni félagsvísindanna • að beita algengustu hugtökum félagsvísinda á skýran og skilmerkilegan hátt. • að tjá sig í ræðu og riti um samfélagsleg málefni. • að afla fjölbreyttra gagna í heimildarvinnu
Hæfnimarkmið:
Nemandi skal geta hagnýtt þá þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að: • tjá sig skipulega og gagnrýnið um einstaka efnisþætti • geta rökrætt ýmis álitamál sem eru efst á baugi í samfélaginu • afla sér upplýsinga, greina helstu atriði þeirra og hagnýta sér þær til gagns • geta beitt öguðum vinnubrögðum, tekið ábyrgð á eign námi og unnið í samvinnu við aðra • hafa gagnrýnið viðhorf og beita fjölbreyttum vinnubrögðum við vinnslu tölfræðilegra gagna • beita algengustu hugtökum félagsvísinda á skýran og skilmerkilegan hátt • geta hagnýtt sér internetið til að afla sér þekkingar um félagsfræðileg viðfangsefni • tjá sig skipulega og gagnrýnið um samfélagsleg álitamál • setja sig í spor annarra • vera gagnrýnin

sem metið er með:	*Sí- og leiðsagnarmat*

Námsefni:	Allt námsefni útvegað af kennara. Notast verður við fjölbreytt námsefni úr ýmsum áttum, bæði ritað og myndefni.

Námsmat: **Þetta er símatsáfangi sem byggir á leiðsagnarmati og jafningamati.**	
Verkefnaeinkunn (100%):	
48% hagnýt verkefni	Sjö hagnýt verkefni þar sem unnið er með hugtök og hugmyndir úr hverri grein fyrir sig. **Gildir 8% hvert fyrir sig (nema fyrsta verkefnið úr heimildaskráningu og aðferðafræði sem gildir 3%)**
27% hugtakapróf	Sex stutt próf úr helstu hugtökum og hugmyndum lesefnisins. **Hvert fyrir sig gildir 4,5%**
14% lokaverkefni	Lokaverkefni – útfærsla kynnt sérstaklega þegar þar að kemur.
7% mæting, þátttaka og ástundun	Mætingarhlutfall nemenda (staðnemar), þátttaka í umræðum, vinna og virkni í tímum og utan þeirra (t.d. með því að spyrja kennara út í námsefnið eða leita aðstoðar) og loks ástundun nemenda í verkefnavinnu og námsmati yfir höfuð geta verið þeim til hækkunar í lok annar.
	Ekki er gefið að öll verkefni gildi til einkunnar.

Skipulag náms:
Námstilhögun:
Hver undirgrein félagsvísindanna sem fjallað erum fær tveggja vikna umfjöllun. Hver vika er þannig upp sett að á miðvikudegi hverrar fyrri viku verður létt krossapróf upp úr lesefni vikunnar. Þá er hagnýtt verkefni úr greininni sett fyrir í fyrri vikunni, eftir að nemendur hafa lokið við krossaprófið og þannig eiga nemendur að geta byrjað strax að vinna og hafa þá allt að því eina og hálfa viku til að klára verkefnið. Verkefninu er skilað inn fyrir lok fyrri viku til yfirlestrar og gildir það til einkunnar fyrir verkefnið.
Um skilafrest verkefna:

- **Skilakassi á Moodle lokar kl. 23:59 á föstudögum og ekki er gefinn frestur á verkefnaskilum eftir það. Aðeins skólameistari getur gefið leyfi fyrir seinkun á verkefnaskilum í undantekningartilfellum.**

Um próf:

- Próf eru haldin í kennslustund fyrir staðnema og er ætlast til þess að þeir mæti á tilsettum tíma í þau. Séu nemendur í árekstri eða komist ekki af einhverjum ástæðum þurfa þeir að láta vita fyrir tíma ef þeir vilja eiga möguleika á að fá að taka próf með öðrum hætti.

Kennsluvikur	**Áætluð yfirferð**	**Skil á verkefnum/kannanir**
Vika 34 17. - 23. ágúst	**18. ágúst – fyrsti kennsludagur**	Nemendakynningar
Vika 35 24. - 30. ágúst		**Aðferðafræði og heimildaskráning**
Vika 36 31.ág – 6. sept		**Heimspeki próf**
Vika 37 7. - 13. september		Heimspeki verkefni
Vika 38 14. - 20. september		Félagsfræði próf
Vika 39 21. - 27. september	**23. -24. September – Haustfrí** **25. September – Námsmat**	**Félagsfræði verkefni**
Vika 40 28.sept. - 4. október	**28. September – Námsmat** **29. September - Umsögn 1**	Sálfræði próf
Vika 41 5. - 11. október	**Valtímabil hefst**	**SálfræðiVerkef ni**
Vika 42 12. - 18. október		Stjórnmálafræði

Vika 43 19. – 25. október		Stjórnmálafræði
Vika 44 26. október - 1. Nóvember	**29. Okt – 30.Okt - Námsmat**	Mannfræði
Vika 45 2. - 8. nóvember	**3. Nóvember - Umsögn 2**	**Mannfræði**
Vika 46 9. - 15. nóvember		**Kynjafræði**
Vika 47 16. - 22. nóvember		Kynjafræði
Vika 48 23. - 29. nóvember		**Lokaverkefni**
Vika 49 30 nóv. - 6. desember		**Lokaverkefni**
Vika 50 7. - 13. desember	**Lokaverkefnisvika**	Lokaverkefni
Vika 51 14. - 20. desember	**Námsmatsdagar** **17. desember – Einkunnabirting** **18. desember – Útskrift**	

Birt með fyrirvara um breytingar
Hermann